

19. gr.

*Framkvæmd friðlýsingar.*

Minjastofnun Íslands skal með sannanlegum hætti tilkynna landeiganda, húseiganda, hlutaðeigandi lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórn ákvörðun um friðlýsingu. Stofnunin skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á. Greina skal í tilkynningu til hvers friðlýsingin nær. Ráðuneyti auglýsir friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Afnám friðlýsingar skal auglýst með sama hætti og friðlýsing.

Hinn friðlýsti minjastaður og ytri mörk hans skulu tilgreind á rafrænum kortagrunni. Minjastofnun Íslands tryggir að friðlýstar menningarminjar verði færðar á skipulagskort. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna Minjastofnun Íslands ef þinglesin eru eigendaskipti að friðlýstu húsi, mannvirki eða landareign sem á eru friðlýstar fornleifar.

Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum og landareignum sem á eru friðlýstar fornleifar.